

Mál nr. 488/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V1) og (V2).

Heiti vátryggingar: Starfsörorkutrygging, (slysatrygging).

Hugtakið slys. Skyndilegur utanaðkomandi atburður.

Gildissvið vátryggingar.

Gögn.

1. Málskot móttakið 30. desember 2024, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir frá V, dags. 22. janúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 30. janúar 2025.
4. Tjónstilkynning, dags. 17. nóvember 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M telur sig eiga bótarétt úr starfsörorkutryggingu sinni hjá V2. Byggir M bótarétt sinn á afleiðingum slyss sem hann segist hafa orðið fyrir 10. september 2024. Í tjónstilkynningu frá M, dags. 17. nóvember 2024, segir að tjónið verði rakið til of mikils álags á sin upphandleggsvöðva við laxveiðar. Þar upplýsir M einnig að hann hafi farið til læknis vegna afleiðinga slyssins 16. október 2024. M sendi tjónstilkynningu til V1. Í gögnum málsins kemur fram að M byggir á því að við slysið hafi upphandleggssvöðvi rifnað frá sinafestu. Lýsir M áverkanum nánar með þeim hætti að við slysið hafi upphandleggssvöðvi skaddast þar sem sinafestingar vöðvans (Biceps tendons) hafi rifnað frá beinfestingum sínum við brjóstvöðva. Tekur hann fram að upphandleggsvöðvinn festist annars vegar við axlarliðkúluna og hins vegar við beinskot (processus coracoid) sem sé ofan við brjóstvöðvann þó nokkuð fjarri axlarliðnum. Byggir M á að skaðinn hafi aðallega verið á festingunni við processus coracoid. Í málinu liggur fyrir læknisvottorð, dags. 28. október 2024, þar sem segir m.a.: „Það vottast hér með að viðkomandi [er] með hratt versnandi einkenni í hægri öxl frá september 2024. Hann leitaði skoðunar þann 16.10.2024, þá kom í ljós sköddun á lyftihulsusinum í hægri öxl. Klinísk skoðun leiðir í ljós sköddun á innankamsvöðva (subscapularis) sin og tvíhöfðasin. Fyrirhuguð aðgerð á öxl er 26. nóvember og er hann þá ekki ferðafær í kjölfarið og verður ca. 3 mánuði að jafna sig.“

V1 hafnaði bótarétti M með bréfi, dags. 9. desember 2024. Benti V1 á að í vátryggingaskírteini M sé skýrt tekið fram að hægri öxl sem aðgerð var gerð á árið 2012, nokkuð sem M upplýsti var um í umsókn um trygginguna, sé undanskilin úr tryggingunni. Þar sé um að ræða sömu öxl og M segir að hafi skaddast í slysinu. Því sé ljóst að tryggingin bæti ekki tjón M. Þá bendir V1 einnig á að tryggingin bæti líkamstjón af völdum slysa eins og það hugtak sé skilgreint í skilmálum fyrir trygginguna. Þar sé slyshugtakið skilgreint sem skyndilegur, óvæntur, óvenjulegur, sérstakur og utanaðkomandi atburður sem á sér stað á ákveðnum stað og tíma á gildistíma tryggingarinnar. Er einnig bent á að almennt sé við það miðað að til þess að um utanaðkomandi atburð sé að ræða þurfi eitthvað að gerast sem felur í sér frávík frá þeirri atburðarrás sem vátryggður hefði almennt mátt reikna með. Ef engu slíku frávíki er til að dreifa sé ekki um utanaðkomandi atburð að ræða og þar með ekki bótaskyld slys. Síðan tekur V1 fram að með vísan til málsatvikalýsingar í tjónstilkynningu verði ekki talið að umrædd sköddun á hægri öxl sé afleiðing utanaðkomandi atburðar.

Í gögnum málsins er að finna mótrök M við framangreindu. Bendir M m.a. á að í aðgerðinni á hægri öxl 2012 hafi verið skafnar af kalkanir á sin að utanverðu til hliðar við hægri öxl. Fyrir þá aðgerð hafi umræddar kalkanir verið að angra M. Hins vegar hafi það lagast við aðgerðina og M getað unnið fulla vinnu án einkenna fram að slysinu 2024. Í aðgerðinni 26. nóvember 2024 hafi komið í ljós að upphandleggsvöðvafesturnar hafi verið rifnar frá beinunum. Fullyrðir M að núverandi áverkar hafi því ekkert með aðgerðina frá 2012 að gera.

Í athugasemdum V1 til nefndarinnar, dags. 22. janúar 2025, eru framangreind rök félagsins ítrekuð. Er m.a. nefnt að ástæða þess að hægri öxlin var undanskilin úr tryggingunni, og iðgjöld ákvörðuð í samræmi við það, hafi verið sú að þegar M sótti um trygginguna hafi hann upplýst um aðgerðir á og einkenni frá öxlinni. Hvað varðar þau rök M að hann byggi ekki á að tjónið hafi orðið á hægri öxlinni heldur á sinafestingum upphandleggsvöðva, þá vísar V1 í áðurnefnt læknisvottorð. Hvað varðar ágreininginn um það hvort tjón M verði rakið til slyss í skilningi tryggingarinnar bendir V1 m.a. á að ástæða sé til að ætla að tjón M sé vegna meiðsla sem rekja má til álags eða að eitthvað gefur sig í

líkamanum. Í viðbótarathugasemdom M, dags. 30. janúar 2025, kemur fram að M telur að tjón hans hafi orðið vegna óvænts og skyndilegs ofálags á upphandleggsvöðva sem hafi rifið sínar af festingum. Upplýsir M jafnframt að hann hafi verið í fatla í fimm vikur í kjölfar aðgerðar 26. nóvember 2024 og verið orðinn vinnufær frá og með 2. janúar 2025.

Álit.

Ágreiningur í málinu snýr að því hvort líkamstjón það sem M telur sig hafa orðið fyrir 10. september 2024 teljist vera af völdum slyss í skilningi starfsörorkutryggingar hjá V. Í raun er ágreiningurinn tvíþættur. Í fyrsta lagi byggir V1 á því að M eigi ekki rétt að fá tjónið sem stafi frá hægri öxl bætt. Ástæðan sé sú að það sé skýrt tekið fram í váttryggingaskírteini M að hægri öxl, sem aðgerð var gerð á árið 2012 og upplýst var um í umsókn M, sé undanskilin úr tryggingunni. Þar sem tjón það sem M fer fram á að fá bætt sé vegna áverka á hægri öxl sé það því ekki bótaskyldt. Hvað þennan hluta ágreiningsins varðar þá kemur fram í gögnum málsins að þegar M sótti um trygginguna upplýsti hann m.a. um að hann hafi farið í aðgerð á öxl ca. árið 2012 þar sem fjarlægðar hafi verið kalkanir á axlarliðpoka. Þó ekki komi þarna fram hvort um hafi verið að ræða hægri eða vinstri öxl, virðist ekki vera ágreiningur um það í málinu að um hægri öxl var að ræða. Þegar gengið var frá töku tryggingarinnar í framhaldinu var eftirfarandi fyrirvari settur af hálfu V2: „Undanskilið eru allar bótakröfur sem eru bein eða óbein afleiðing sjúkdóms eða annarra kvilla í hjarta- og æðakerfi. Einnig er sú öxl sem aðgerð var gerð á árið 2012 samkvæmt umsókn undanskilin úr tryggingunni.“ Eins og áður hefur komið fram byggir M m.a. á því að núverandi áverkar hafi ekkert með aðgerðina frá 2012 að gera. Nefndin túlkar rök M þannig að hann telji því að áverkarnir frá 2024 falli ekki undir framangreindan fyrirvara sem miði beinlínis við áverka á sjálfri öxlinni, en ekki alla þá áverka sem geti haft einhver tengsl við öxlina einfaldlega vegna þess hvar einstakar sínar festast. Í þessu sambandi bendir nefndin þó á að M lýsir því þannig í gögnum málsins að í aðgerðinni 2012 hafi verið skafnar af kalkanir á sin að utanverðu til hliðar við hægri öxl. Þá upplýsti M er hann sótti um trygginguna að hann sé vinnufær þó hann sé enn með smá einkenni frá öxlinni. Telur hann bata sinn vegna þessa vera 90%. Nefndin telur eðlilegt að horft sé til framangreinds varðandi túlkun á því hvað felist nákvæmlega í því að hægri öxl var undanskilin úr tryggingunni. Hér er einnig rétt að hafa í huga að í fyrirliggjandi læknisvottorði sem áður var minnst á, segir að komið hafi í ljós sköddun á lyftihulsusinum í hægri öxl, þ.e. sköddun á innankamsvöðva (subscapularis) sin og tvíhöfðasin. Nefndin telur því ekki óeðlilegt að túlka það sem svo að þegar öxlin var undanskilin úr tryggingunni hafi jafnframt verið átt við áverka á sinum með festur í öxlinni. Það er því niðurstaða nefndarinnar að M hafi ekki tekst að sanna að tjón hans frá 2024 sé ekki undanskilið úr tryggingunni.

Í öðru lagi byggir V1 á því að tjón M verði ekki rakið til slyss í skilningi tryggingarinnar. Áður hefur komið fram að í tjónstilkynningu, dags. 17. nóvember 2024, segir M að tjónið verði rakið til of mikils álags á sin upphandleggsvöðva við laxveiðar. Í þeim skilmálum sem giltu um trygginguna er hugtakið slys skilgreint sem: „...skyndilegur, óvæntur, óvenjulegur, sérstakur og utanaðkomandi atburður sem á sér stað á ákveðnum tíma á gildistíma váttryggingarinnar.“ Þó hér sé á ferð skilgreining sem vikur að einhverju leyti frá þeirri skilgreiningu sem hefur verið algengust í íslenskum váttryggingarrétti, telur nefndin það þó ekki skipta máli varðandi það deiluefni sem hér er uppi. Nefndin hefur þannig komist að þeirri niðurstöðu, m.a. með vísan til þess að M byggir á því að tjónið verði rakið til of mikils álags á sin upphandleggsvöðva við laxveiðar, að það verði ekki rakið til utanaðkomandi atburðar í skilningi framangreindrar skilgreiningar. Bendir nefndin á að miðað við þau gögn sem liggja fyrir í málinu er nærtækara að álíta að tjón M verði rakið til innri líkamlegra veikleika en utanaðkomandi atburðar sem hægt sé að flokka sem slys. Hér sé því fremur um að ræða tjón af völdum sjúkdómsástands (innra ástands) eða undirliggjandi veikleika, frekar en það sé af völdum slyss í skilningi slysatryggingarinnar. Því á M ekki bótarétt úr tryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr starfsörorkutryggingu hjá V2.

Reykjavík, 31. mars 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Dögg Hermannsdóttir